

Viljayfirlýsing

um samræmt verklag sveitarfélaga í byggingarmálum

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), Samband íslenskra sveitarfélaga, Stafrænt Ísland og Reykjavíkurborg lýsa yfir vilja sínum til að vinna saman að því að samræma verklag þvert á sveitarfélög með einu viðmóti fyrir umsókn um byggingarleyfi og afgreiðslu þeirra í stað 64 í dag. Markmið verkefnisins eru að:

- i. Samræma umsóknir og afgreiðslu byggingarleyfa,
- ii. einfalda og flýta skráningu mannvirkja og
- iii. auka gæði rauntímaupplýsinga um mannvirkjagerð

Verkefnið mun stuðla að markmiðum um skilvirka stjórnsýslu ásamt því mun bætt umhverfi mannvirkjagerðar stuðla að auknum gæðum, öryggi, eftirliti og rekjanleika. Verkefnið er eitt af 44 aðgerðum sem ætlað er að ná fram markmiðum húsnæðisstefnu stjórnvalda.

Verkefnið samræmist jafnframt aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga er varða stafræna umbreytingu þar sem vinna skal að heildstæðri stefnumörkun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga og samstarf þeirra við ríkið til að ná þeim markmiðum.

Viljayfirlýsing þessi nær til eftirfarandi verkefna:

Samræma umsóknir og afgreiðslu byggingarleyfa

1. Í mannvirkjaskrá HMS verði í samvinnu við sveitarfélög þróað og innleitt eitt miðlægt viðmót þar sem umsóknum um byggingarleyfi verður skilað til sveitarfélaga ásamt stafrænum hönnunargögnum með rafrænni undirritunum. Sveitarfélög munu nota sama viðmót til afgreiðslu byggingarleyfa. Varðveisla gagna verður áfram í mála- og skjalakerfum sveitarfélaga.

Stafræn umbreyting í byggingarmálum

2. Ríki og sveitarfélög vinni saman að stafrænni umbreytingu í byggingarmálum og leggi áherslu á samnýtingu stafrænna innviða fyrir hið opinbera ásamt því að stafrænar lausnir verði þróaðar út frá þörfum almennings og fyrirtækja fyrir heildstæða þjónustu. Í því augnamiði verði áfram unnið að veitingu opinberra þjónustuferla í gegnum Ísland.is. Hugað verði að þekkingaruppbyggingu meðal sveitarfélaga og því að efla samstarf milli þeirra og ríkis til að ná fram hagkvæmari uppbyggingu og rekstri stafrænnar þjónustu í byggingarmálum.

Reykjavík, 2. apríl 2024

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir
aðstoðarforstjóri

Heiða Björg Hilmisdóttir
Formaður stjórnar

F.h. Stafrænt Ísland

F.h. Reykjavíkurborgar

Birna Íris Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri

Einar Þorsteinsson
Borgarstjóri